



## Fundargerð

### 7. fundar Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn hjá SFU Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 18:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Eiður Ragnarsson, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, Snjólfur Gunnarsson, og Bergþóra Birgisdóttir. Ingibjörg ritaði fundargerð og Kári stjórnaði fundi.

#### Dagskrá var eftirfarandi:

Formaður setti fundinn og bað um að lið 5. yrði bætt við dagskrá, samþykkt.

- 1. Minnisblað byggingarfulltrúa, 29.4.2019.**  
Nefndin fór yfir minnisblað byggingarfulltrúa.  
  
E.R. mætir til fundar.
- 2. Úttektarmaður byggingarfulltrúa, bréf 4.4.2019. Ósk um umsögn vegna byggingaráforma Búlandstinds við á hafnarsvæði.**  
Nefndin gerir ekki athugasemd við byggingaráformin en bendir á að gera verði breytingar á lóðaleigusamningi einnig leggur nefndin til að öryggi á svæðinu verði metið og verði lokað fyrir óviðkomandi umferð.
- 3. Úttektarmaður byggingarfulltrúa, bréf 12.4.2019. Ósk um umsögn vegna rekstrarleyfis fyrir Lindarbrekku.**  
Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis svo framalega sem umsækjandi hafi uppfyllt öll skilyrði er lúta að umsókninni.
- 4. Atvinnu-og menningarmálafulltrúi, bréf 29.4.2019. Beiðni um aðkomu SFU að verkefninu „Plokk keppni“**  
Nefndin fagnar þessu framtaki, Kári er tilbúin að vera starfsmaður SFU í þessu verkefni.
- 5. Úttektarmaður byggingarfulltrúa, bréf 30.4.2019. Ósk um umsögn vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Búlandstind ehf.**  
Nefndin gerir ekki athugasemd við starfsleyfið en leggur til við sveitarstjórn að hún láti yfirfara viðbragðsáætlanir hafnarinnar með sérstöku tilliti til starfseminnar í Gleðivík.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:47. Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, fundarritari.

Snjólfur Gunnarsson  
Bergþ. Birgisdóttir  
Ingibjörg B. Gunnlaugsdóttir

Kári Snær Valtingojer